

Heilbrigðisráðuneytið
c/o Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Akureyri 22. maí 2020

Efni. Áhættumat Sjúkrahússins á Akureyri

Með þéfi dagsettu 15. maí 2020 óskaði ráðuneytið eftir að Sjúkrahúsið gerði áhættumat fyrir starfsemi sjúkrahússins byggt á því að til landsins færu að koma ferðamenn í auknum mæli.

Forstjóri fól Viðbragðsstjórn vegna COVID-19 að vinna umbeðið áhættumat og fylgir það hér með sem viðhengi.

Megin þættir áhættumatsins eru þessar:

1. Komi upp smit hjá erlendum ferðamanni hér á landi er líklegt að það smit geti komið upp á Norðurlandi.
2. Viðbragð annarra mun hafa áhrif á þróun faraldursins og þar með á möguleika SAK til að sinna hlutverki sínu.
3. SAK er í stakk búið til að taka við og meðhöndla allt að 10 sjúklinga á Covid legudeild og eftir það 26 á þeim deildum sem settar yrðu upp sem varaleið að því gefnu að nægt starfsfólk fái til starfa. Gera má hinsvegar ráð fyrir að fari fjöldi sjúklinga á einhverjum tíma yfir 10 í einu þá þurfi umtalsverðan fjölda viðbótarstarfsfólks svo sjúkrahúsið geti áfram sinnt nauðsynlegri bráðastarfsemi.
4. Gera má ráð fyrir því að einhver fyrirveri verði á því að sjúkrahúsið þurfi að taka á móti það mörgum sjúklingum að það þurfi að fara á hættustig. Sá tími nýtist til undirbúnings.
5. Sumarleyfistíminn mun reynast erfiður varðandi mönnun deilda og mönnun bakvarðasveitar.
6. Geta til að taka við og greina sýni hratt mun hafa mikil áhrif á álag vegna grunaðra einstaklinga.
7. Ætla má að fram að því að fyrstu hugsanlegu smit eða hópsýking komi til verði hægt að halda uppi starfsemi samkvæmt hefðbundinni starfsáætlun.
8. SAK fer á hættustig þegar fyrsti Covid-19 sýkti einstaklingurinn leggst inn og þá verður byrjað að draga úr valkvæðri starfsemi.

Niðurstaða

Áhætta fyrir röskun á venjulegri starfsemi sjúkrahússins er veruleg. Um leið og það fer á hættustig verður dregið úr valkvæðri starfsemi. Ætla má að geta til að halda úti sambærilegri þjónustu við Covid-19 sýkta og var í fyrstu bylgju faraldursins ráðist fyrst og fremst af því að nægjanleg mönnun fái. Komi til þess að virkja þurfi Covid-19 viðbragð í sumar mun það hafa áhrif á sumarleyfi, mönnun og valkvæða starfsemi út árið.

Bjarni Jónasson, forstjóri